

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 169/1999

frá 26. nóvember 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 98/76/EB frá 1. október 1998 um breytingu á tilskipun 96/26/EB um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um förmlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Fyrir Liechtenstein gildir aðlögunartímabil að því er varðar ákvæði tilskipunar 98/76/EB.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi bætist við í 19. lið (tilskipun ráðsins 96/26/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0076:** Tilskipun ráðsins 98/76/EB frá 1. október 1998 (Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 17).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 141.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 17.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Liechtenstein skal hlíta breytingum við tilskipunina með tilskipun ráðsins 98/76/EB eigi síðar en 26. nóvember 2000;
- b) „gjaldmiðlum þeirra aðildarríkja sem eru ekki þátttakendur í þriðja áfanga myntbandalagsins“ í c-lið 3. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi varðandi EFTA-ríkin „gjaldmiðlar EFTA-rikkanna“ og „birt er í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*“ verði svohljóðandi „birt opinberlega í hverju EFTA-ríki um sig“;
- c) EFTA-ríkin skulu viðurkenna vottorð bandalagsins sem gefið er út í aðildarríkjum EB í samræmi við d-lið 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Vegna slíkrar viðurkenningar skulu tilvísanir til „aðildarríkis(-ríkja)“, í ákvæðum bandalagsvottorða, sem um getur í viðauka Ia við tilskipunina, vera til „aðildarríkis(-ríkja) EB, Íslands, Liechtensteins og/eða Noregs“;
- d) bandalagið og aðildarríki EB skulu viðurkenna vottorð sem eru gefin út á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi í samræmi við tilskipunina, eins og hún er aðlöguð í 7. viðbæti við þennan viðauka.
- e) vottorð gefin út á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi skulu svara til fyrirmyndarinnar í 7. viðbæti við þennan viðauka.“

2. gr.

Viðbæturinn í viðaukanum við þessa ákvörðun verði 7. viðbætur við XIII. viðauka við samninginn.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/76/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/1999

„7. VIÐBÆTIR

**VOTTORÐ SEM UM GETUR Í VIÐAUKA Ia VIÐ TILSKIPUN RÁÐSINS
98/76/EB, EINS OG HÚN VAR AÐLÖGUÐ VEGNA EES-SAMNINGSINS**

(sjá aðlögunarlið d í 19. lið í XIII. viðauka við samninginn)

EVROPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

(Þykkur gulbrúnn pappír — Snið: DIN A4)

(Texti skal vera á einu eða fleiri opinberum tungumálum EFTA-ríkisins sem gefur vottorðið út)

Einkennisstafir viðkomandi EFTA-ríkis ⁽¹⁾

Heiti lögbærs yfirvalds eða stofnunar ⁽²⁾

**VOTTORÐ UM MENNTUN OG HÆFI TIL INNANLANDS- [OG MILLILANDA-] ⁽³⁾
FARMFLUTNINGA [FARÞEGAFLUTNINGA] ⁽³⁾**

Nr. ...

⁽²⁾staðfestir hér með:

a) að ⁽⁴⁾

fædd(ur) í

hinn

⁽¹⁾ Einkennisstafir ríkisins: (IS) Ísland, (FL) Liechtenstein, (N) Noregur.

⁽²⁾ Yfirvald eða stofnun fyrirfram tilnefnd af hverju EFTA-ríki í því skyni að gefa út þetta vottorð.

⁽³⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

⁽⁴⁾ Kenninafn og eiginnöfn; fæðingarstaður og fæðingardagur.

hefur staðist prófið (ár:; tímabil)⁽⁵⁾ sem veitir vottorð um menntun og hæfi til innanlands- [og millilanda-] ⁽³⁾ farmflutninga [farþegaflutninga] ⁽³⁾ í samræmi við ⁽⁶⁾

b) að einstaklingurinn, sem um getur í a-lið, er hæfur til starfa sem krefjast faglegrar þekkingar hjá fyrirtækjum sem annast farmflutninga [eða farþegaflutninga] ⁽³⁾:

og annast eingöngu innanlandsflutninga ⁽³⁾,

og annast millilandaflutninga ⁽³⁾,

Vottorð þetta er nægileg sönnun fyrir starfshæfni, eins og um getur í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Gefið út í, hinn

.....⁽⁷⁾“

⁽⁵⁾ Nánari upplýsingar um prófið.

⁽⁶⁾ Tilvísun í ákvæði landslaga sem samþykkt hafa verið á þessu sviði í samræmi við téða tilskipun.

⁽⁷⁾ Undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds eða stofnunar sem gefur út vottorðið